

**Ed.**

**515. Lög**

um breytingu á 1. gr. tollaga, nr. 54, 11. júlí 1911.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

1. gr.

1. gr. tollaga, nr. 54, 11. júlí 1911, orðist þannig:

Þegar fluttar eru til landsins vörur þær, er nú skal greina, skal af þeim gjöld greiða til ríkissjóðs, þannig:

1. Af allskonar öli, límonaði og öðrum samskonar óáfengum drykkjum, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, kr. 0,30 af hverjum lítra.
2. Af sherry, portvíni og malaga kr. 2,00 af hverjum lítra.
3. Af kognaki og vínanda með 8° styrkleika eða minna kr. 3,00 af hverjum lítra, yfir 8° og allt að 12° styrkleika kr. 4,00 af hverjum lítra, yfir 12° og allt að 16° styrkleika kr. 5,00 af hverjum lítra.

Af vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar og gerður er óbæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, kr. 2,00 af hverjum lítra, og af ilm-vötnum og hárflyfjum, sem vinandi er í, kr. 4,00.

4. Af rauðvíni, ávaxtasafa, súrum berjasafa og öðrum slíkum áfengum eða óáfengum drykkjum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum, kr. 1,00 af hverjum lítra.
5. Af sóðavatni kr. 0,06 af hverjum lítra.

Ef vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2., 3., 4. og 5., eru innfluttar í ílátum, sem rúma minna en lítra, skal greiða sama gjald af hverjum  $\frac{3}{4}$  lítra sem af lítra í stærri ílátum,

6. Af tóbaki allskonar, reyktóbaki, nefstóbaki, munntóbaki og óunnu tóbaki, kr. 4,00 af hverju kg.
7. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigaretum) kr. 8,00 af hverju kg.

Vindlingar tollast að meðtöldum pappirnum og öskjum eða dósnum, sem þeir seljast í.

8. Af óbrendu kaffi og kaffibæti allskonar 60 aura af hverju kg.
9. Af allskonar brendu kaffi 80 aura af hverju kg.
10. Af sykri og sírópi 15 aura af hverju kg.
11. Af tegrasi 150 aura af hverju kg.
12. Af súkkulade 75 aura af hverju kg.
13. Af kakaodufti 50 aura af hverju kg.
14. Af öllum brjóstsykurs- og konfekttegundum kr. 2,00 af hverju kg.

Af vörutegundum þeim, sem nefndar eru í töluliðunum 1—5, skal brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meiru, talið sem heil tolleining, en minna broti skal slept. Af vörutegundum í 6.—14. lið ber að reikna tollinn af hálfri tolleiningu, þannig að  $\frac{3}{4}$  og þar yfir telst heil,  $\frac{1}{4}$  allt að  $\frac{3}{4}$  hálf, en minna broti skal slept. Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalds og notuð til lækninga á sauðfje, eru undanþegin tollgjaldi.

Af vörum, sem ætlaðar eru til neyslu skipverjum sjálfum eða farþegum á því skipi, er vörurnar flytur, skal eigi toll greiða. Á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land og á að sýna skipsskjöl sín eftir gildandi lögum, skal lögreglustjóri eða löggiltur umboðsmaður hans rannsaka skipsforðann og aðrar þær birgðir af tollskyldum vörum, er bryti skipsins eða aðrir menn í skipinu kunna að hafa meðferðis eða umráð yfir, hvort sem þær eru taldar í tollskránni eða sjerstakri skrá, eða þær eru hvergi tilfærðar í skipsskjölunum. Bryta skipsins er skylt að láta lögreglustjóra í tje skriflegt drengskaparvottorð um allar þær tollskyldar vörur, er hann hefir hönd yfir. Ef skipsforðinn eða umræddar vörubirgðir eru meiri en svo, að ætla megi, að það nægi skipverjum sjálfum eða farþegum á skipinu til neyslu í því, skal greiða toll af því, sem umfram er, eftir úrskurði

lögreglustjóra, Ákvörðun lögreglustjóra hjer að lútandi liggur undir úrskurð stjórnarráðsins. Fyrir rannsókn þessa ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans 10 kr., er skipstjóri greiðir.

2. gr.

Lög nr. 12, 12. ágúst 1919, um breytingu á 1. gr. tollaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911, eru feld úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.